

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 31. ágúst 2016
UST201608-148/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - Vikraborgir, óveruleg breyting. Umsögn

Vísað er til bréfs byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps dags. 30. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda breytingu á gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Fyrirhugað er að koma upp aðstöðu fyrir ferðamenn við áningarstað í Vikraborgum við Öskju. Áhersla verður lögð á að haga framkvæmdum þannig að þær verði afturkræfar og að mannvirki falli sem best að næsta umhverfi.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að koma upp slíkri aðstöðu við áningarstaði. Stofnunin telur að sveitarstjórn Skútustaðahrepps eigi að gera ráð fyrir slíkri þjónustu þegar nýjir áfangastaðir eru skilgreindir.

Umhverfisstofnun telur löngu tímabært að koma upp slíkri aðstöðu við fjölmenna ferðamannastaði til að bæta umgengni um næsta nágrenni slíkra staða.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri